

Velferðarráðuneytið  
Eygló Harðardóttir  
Félags- og húsnæðismálaráðherra  
Hafnarhúsinu við Tryggvagötu  
101 Reykjavík

Ísafirði 14. október 2014

### Efni og ályktanir 59. Fjórðungsþings Vestfirðinga

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga vill með bréfi þessu vekja athygli Velferðarráðuneytissins á ályktunum og umfjöllunarefnum 59. Fjórðungsþings Vestfirðinga sem haldið var þann 3. og 4. október s.l. á Þingeyri í Dýrafirði.

Málefni þingsins voru atvinnu og byggðaþróun svæðisins og sóknaráætlun landshluta. Einnig var lögð áhersla á það hvernig efla megi grunnskólana á Vestfjörðum. Áætlað var að fá fyrirlesara um málefni að sunnan, en vegna veðurs var ekki hægt að fljúga til Ísafjarðar og féll því sá liður á þinginu niður. Málefni voru hinsvegar rædd ítarlega á þinginu af sveitarstjórnarmönnum.

Þingið afgreiddi 20 ályktanir á þessu þingi og vill stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga vekja athygli ráðuneytissins á þeim ályktunum sem sterta málaflokka þess.

- Ályktun um sóknaráætlar landshluta bls. 4 í skjali.
- Ályktun um skort á samræmi milli byggðastefnu stjórnvalda og fjárlaga bls. 4 í skjali.
- Ályktun um húsnæðismál bls. 5 í skjali.
- Ályktun um málefni fatlaðs fólks bls. 9 í skjali.

Hér með er óskað að ofangreindar ályktanir verði teknar til umfjöllunar í ráðuneytinu og þeim stofnunum og nefndum sem undir það heyra. Vísast þá einnig til þinggerðar og annarra gagna þingsins því til stuðnings sem finna má á heimasíðu sambandsins.

[http://vestfirdir.is/fjordungssambandid/59\\_fjordungsthing\\_2014/](http://vestfirdir.is/fjordungssambandid/59_fjordungsthing_2014/)

Virðingarfyllst  
Fjórðungssamband Vestfirðinga

Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri